



## **Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2015 til 2017 - helstu forsendur:**

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir verðlagsbreytingum hvert ár við útreikning á fjármagnskostnaði. Miðað er við að verðbólgan fylgi spá Seðlabanka Íslands í nóvember 2014 og verði að meðaltali 3 % árið 2016, 2,7 % árið 2017 og 2,5 % árið 2018. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir svipaðri verðbólgu eða 3%, 2,5% og 2,5% hækkun fyrir árið 2016 til 2018.

### **Tekjur**

Reiknað er með að bæði útsvar og framlög Jöfnunarsjóðs hækki á áætlunartímabilinu sem nemur verðbólgu. Þá er reiknað með að útsvar hækki til viðbótar um 1% vegna fjölgunar íbúa um 1%. Auk þess er reiknað með að laun hækki umfram verðbólgu sem nemur tveimur þriðju af hækkun landsframléiðslu (hagvexti) á spátímabilinu. Reiknað er með að hagvöxtur verði 2,8%; 2,8% og 2,9% á árunum 2016 til 2018 með hliðsjón af þjóðhagsspá.

### **Útsvarstekjur – hækkun frá árinu 2015**

Hækkun 2016: 3% verðbólga + 2/3 af 2,8% hagvexti + 1% vegna fjölgunar = 5,9%

Hækkun 2017: 2,7% verðbólga + 2/3 af 2,8% hagvexti + 1% vegna fjölgunar = 5,6%

Hækkun 2018: 2,5% verðbólga + 2/3 af 2,9% hagvexti + 1% vegna fjölgunar = 5,4%

### **Jöfnunarsjóður – hækkun frá árinu 2015**

Hækkun 2016: 3% verðbólga + 2/3 x 2,8% af hagvexti = 4,9%

Hækkun 2017: 2,7% verðbólga + 2/3 x 2,8% af hagvexti = 4,6%

Hækkun 2018: 2,5% verðbólga + 2/3 x 2,9% af hagvexti = 4,4%

Gert er ráð fyrir að íbúafjölgun verði 1% á ári.

Reiknað er með hækkun launa umfram verðlag sem nemi u.þ.b. 2/3 af hagvexti eða 2% á ári.

Reiknað er með að tekjur af fasteignasköttum hækki um 1 % á ári.

Reiknað er með að aðrar tekjur hækki sem nemur verðbólgu 3%; 2,7% og 2,5%

Þá er reiknað með að leigutekjur í félagslega kerfinu hækki sem nemur verðbólgu, 3%; 2,7% og 2,5%.

### **Gjöld**

Reiknað er með launahækkun 2016 2% umfram verðlag eða 5% alls.

Launahækkun 2017 verði 2% umfram verðlag eða 4,7% alls.

Launahækkun 2018 verði 2% umfram verðlag eða 4,5% alls

Reiknað er með að annar rekstrarkostnaður hækki sem nemur verðbólgu.

Árið 2016 verður hækkunin 3%

Árið 2017 verður hækkunin 2,7%

Árið 2018 verður hækkunin 2,5%

Miðað er við að rekstur hjúkrunarheimilisins verði á núlli, þ.e. að gjöld og tekjur séu u.þ.b. jafnhá.

### **Fjárfestingar**

Í áætluninni er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 80 m.kr 2016, 80 m.kr 2017 og 80 m.kr 2018.

Lántökur verði jafnar fjárfestingu 80 m.kr hvert ár.